



Mötuneytisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

7. fundur mötuneytisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarherbergi Kerhólsskóla, fimmtudaginn 11. október 2018 kl. 8:15.

Fundinn sátu:

Benedikt Gústavsson, fulltrúi sveitarstjórnar

A. Terrý Nilsen matráður

Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi grunnskóladeildar

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar

Ragnheiður Eggertsdóttir, fulltrúi foreldra

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Jóna Björg Jónsdóttir

1. Farið yfir matarstefnu skólans.

Allir sátir með matarstefnuna eins og hún er.

Umræður um að smjörvi hefur verið notaður sem viðbit en Terrý ætlar að hætta að kaupa smjörva og fara alveg í að nota smjör fyrir nemendur á brauðið.

Erfiðlega hefur gengið að fá grænmetisframleiðendur til að koma með grænmeti svo Terrý ætlar að fara í það að ath. betur hverjir eru á ferðinni hér umslóðir og gætu tekið með til okkar í leiðinni.

Orðalagsbreyting var gerð í málsgrein um ofnæmi þar á að bæta við að ... í byrjun hver skólaárs.

Hvað varðar heimilisfræðikennslu þá hefur ekki alltaf verið farið ýtarlega eftir matarstefnunni og ætlar Jóna Björg að ræða það við matreiðslukennara.

Í liðnum um hreinlæti kom upp umræða um ólykt sem væri upp úr niðurföllum og baka til við félagsheimilið það er fyrir framan leikskólainnganginn. Benedikt ætlar að ath. þetta með sveitarstjóra.

2. Hvernig gengur að hafa nestistímamann í matsalnum?

Breytt var eftir síðustu páska fyrirkomulagi í nestistímum á morgnana í grunnskóladeildinni þannig að nú koma nemendur grunnskóladeildar niður í matsal og fá þar hlaðborð kl. 9.30 þar sem er í boði hafragrautur, brauð, álegg og ávextir/grænmeti og 2 í viku er einnig cheerios og kornfleks.

Mikil ánægja er með þessar breytingar bæði hjá nemendum og starfsfólki í eldhúsi sem fullyrðir að þetta spari talsverðan pening þar sem ekki sé verið að henda neinum mat.



Mötuneytisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 9:05